

## Samþykki og umboð vegna vinnslu greiðslumats í kjölfar umsóknar samkvæmt 12. gr. laga nr. 50/2009 um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna

Undirritaður óskar eftir því að embætti umboðsmanns skuldara vinni greiðslumat sem lagt verður til grundvallar vinnslu umsóknar um afmáningu veðréttinda af fasteign skv. 12. gr. laga nr. 50/2009, hjá embætti sýslumanns. Embætti sýslumanns mun leggja mat á greiðslumatið og kanna hvort undirritaður uppfylli skilyrði framangreinds ákvæðis um að vera um fyrirséða framtíð ófær um að standa í fullum skilum með greiðslu skulda sem tryggðar eru með veði í fasteign og að vera fært að standa í fullum skilum með þær veðskuldir sem áfram hvíla á fasteigninni eftir afmáningu veðréttinda. Af þeim sökum veitir undirritaður embætti umboðsmanns skuldara samþykki og umboð:

- til að afla gagna, m.a. rafrænt varðandi tekjur, gjöld, eignir og skuldir. Upplýsinga er aflað á grundvelli 3. gr. laga nr. 100/2010 um umboðsmann skuldara og eru þær háðar því skilyrði að vera nauðsynlegar vegna úrvinnslu málsins hjá embættinu og að fylgt sé ákvæðum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
- til að hafa milligöngu um samskipti við kröfuhafa undirritaðs og embætti sýslumanns sem hefur umsókn um afmáningu veðréttinda skv. 12. gr. l. nr. 50/2009 til meðferðar.
- til að framsenda greiðslumat ásamt gögnum sem matið byggir á til embættis sýslumanns.
- til að fá senda niðurstöðu afmáningarmáls frá embætti sýslumanns sem hefur málið til meðferðar.

Embætti umboðsmanns skuldara mun kynna undirrituðum niðurstöðu greiðslumats þegar það liggur fyrir. Hafi undirritaður athugasemdir við greiðslumatið, verða þær sendar í skriflegri greinargerð með greiðslumatinu til embættis sýslumanns.

Undirritaður staðfestir með undirskrift sinni að hafa kynnt sér hvað felst í samþykki og umboði þessu. Undirritaður er samþykkur þeirri vinnslu sem mun eiga sér stað og er kunnugt um tilgang hennar og framkvæmd.

Samþykki þetta og umboð gilda meðan mál undirritaðs er til vinnslu hjá umboðsmanni skuldara. Undirritaður getur afturkallað heimild þessa þar til greiðslumat hefur verið sent til embættis sýslumanns. Sé heimildin afturkölluð lýkur embætti umboðsmanns skuldara meðferð máls þegar í stað en í því felst að umboðsmaður skuldara hættir vinnslu greiðslumats.

Samþykki þetta og umboð uppfyllir áskilnað um ótvírætt og upplýst samþykki, skv. lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

---

Staður, dagsetning

---

Undirskrift

---

Kennitala

Undirskrift

Kennitala